

Sveinn Númi Vilhjálmsson,
Skipulagsfulltrúi
Tjarnargötu 12
230 Keflavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. maí 2014
Tilvísun: UST20140300162/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008 - 2024. Grófin og Bergið.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 17. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008 - 2024. Grófin og Bergið.

Markmið með tillögu að breytingu er að miðsvæði í Grófinni þróist í blandaða byggð íbúða, sérvæðing, veitingastarfsemi og þjónustu ásamt léttum iðnaði.


Breytingarnar snúa að eftirfarandi: stærð svæðis sem fellur undir landnotkunina "Vötn og sjór" er minnkað, stærð hafnarsvæðis (Grófin) stækkar, stærð miðsvæðis eykst og íbúðarsvæði minnkar.


Umhverfisstofnun tekur undir breytinguna á afmörkun á landnotkuninni vötn og sjór og telur til bóta að við breytinguna verður minni þörf fyrir efnistöku og losun.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun